



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

63. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 11. desember 2015, kl. 15:00, á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Þá voru fulltrúar fagraðs þeir Haraldur Sigurðsson og Birgir H. Sigurðsson á fundinum. Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Samstarfssamningur um þróun hraðlestar milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins / málsnr.1512003

Stjórn SSH vísaði málinu til umfjöllunar hjá svæðisskipulagsnefnd. Fulltrúar Fluglestarinnar-Þróunarfélags ehf. þeir Runólfur Ágústsson, verkefnastjóri Ráðgjöf og verkefnastjórnun ehf, Björn Þ. Guðmundsson, sérfræðingur frá Landsbankanum og Guðmundur Guðnason, framkvæmdastjóri samgöngusviðs EFLU kynntu verkefnið og samningsdrögin.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur mjög jákvætt að áhugi sé hjá einkaaðilum á að skoða möguleika á lestartengingu milli Keflavíkurflugvallar og miðborgar Reykjavíkur. Svæðisskipulagsnefnd sér ekkert því til fyrirstöðu að unnið verði með einkaaðila að frekari undirbúningi málsins. Að mati svæðisskipulagsnefndar eru ákveðnir annmarkar á fyrirbyggjandi samningsdrögum við Fluglestina-Þróunarfélag ehf. og mælir nefndin ekki með að samningurinn verði undirritaður að óbreyttu. Svæðisskipulagsstjóra er falið að koma ábendingum nefndarinnar til stjórnar SSH.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.